



Karl Gíslason minningarorð

Glímunni við miskunnarlausan sjúkdóm, hin erfiðu veikindi, er lokið en allt til hinstu stundar sýndi Karl kjark og hetjulund, mætti örlögum sínum af reisn.

Hann hafði ætíð verið heilsuhraustur og gengið til daglegra starfa á Bessastöðum af einurð og öryggi. Því kom áfallið á liðnu hausti honum og okkur öllum í opna skjöldu. Lengi vel lifði þó vonin um bata í brjóstum okkar og ánægjulegt var að fylgjast með gleðistundum, stuttum ferðum, samveru með fjölskyldunni sem Karl naut milli þess sem átökin við veikindin heimtuðu krafta hans óskipta.

Í hinni fámennu sveit sem sinnir forsetaembættinu var Karl Gíslason á annan áratug mikilvægur hlekkur, tók þátt í margvíslegum verkum hér á staðnum þótt gæsla búnaðar og húsakosts væri hans helsta ábyrgð. Hann dró fánann að húni á hverjum morgni, opnaði kirkjuna og hugaði að umhverfinu auk þess að sinna oft þeim mikla fjölda sem átti erindi til Bessastaða.

Í öllu þessu nutu sín vel hæfileikar hans og mannkostir en ekki síður sú þjálfun og agi sem hann hafði áður hlotið sem lögreglumaður; jafnaðargeð hans og rólyndi áttu iðulega ríkan þátt í því að greiða fyrir lausn vandamála.

Þau hjónin bjuggu sér hlýlegt heimili í svonefndu Norðurhúsi og sambúðin við okkur hin sem búum á staðnum var nán og góð. Það var því öllum mikið áfall þegar Karl greindist með hinn skæða sjúkdóm. Hetjuleg glíma hans hefur í sumar og vetur markað mannlífið hér á Bessastöðum.

Nú er glímunni lokið og í hugum okkar lifir minningin um góðan dreng. Við Dorrit, dætur mínar og fjölskyldur þeirra vottum Sigurbjörgu og fjölskyldunni allri einlæga samúð okkar.

Ólafur Ragnar Grímsson